

Athugasemdir vegna stefnu um nýtt námsmat grunnskóla

Akureyri 30. mars 2023

Matsferill

Það er sannarlega fagnaðarefni að samræmdum prófum hafi verið hætt í þeirri mynd sem þau voru. Á sama tíma má fagna því að það eigi að taka upp annars konar samræmdar mælingar sem vonandi ná utan um skrásetningu á nauðsynlegri grunnfærni nemenda.

Við hjá Skólaráðgjafapjónustunni Ásgarði höfum átt í löngu og góðu sambandi við kennara í 50 grunnskólum á síðustu sex árum. Við höfum tekið eftir hrópandi þörf á stuðningi við skráningu á grunnfærni nemenda og leiðarvísi sem sýnir til hvers er ætlast af kennurum og í hverju starfsháttabreyting þeirra í samræmi við nýja menntastefnu á að felast.

Það er einnig fagnaðarefni að verið sé að finna leiðir til þess að samræma og bæta námsmat í grunnskólum. Hins vegar eru það ákveðin vonbrigði að eftir alla þá vinnu sem lögð hefur verið í samráð og undirbúning slíkrar stefnu, birtist plagg sem gefur óljósa mynd af verkefninu og kemur upp um takmarkaðan skilning á því hvað mismunandi tegundir námsmats fela í sér. Stefnuskjalið sjálft er ruglingsleg samantekt á óskum þeirra sem komið hafa að samráðinu frekar en skýr stefna yfirvalda um samræmt námsmat. Þar að auki eru hugtök um námsmat ekki notuð rétt í skjalinu.

Leiðsagnarnám verður ekki metið með prófum. Grunnfærni nemenda má meta með **samræmdum prófum** sem þurfa ekki endilega að fara fram á sama tíma um land allt. Prófin mega og eiga að vera stigskipt og ættu fyrst og fremst að gefa mynd af persónumiðuðum framförum hvers og eins. **Verkefnabanki** er annað en samræmd próf og metur ekki leiðsagnarnám, en getur stutt við mat á stöðu nemenda gagnvart samræmdum matsviðmiðum. Auðvitað má gefa út leiðsagnarnáms kennsluáætlanir en leiðsagnarnám fer fram með nemendum. Ytra námsmat þýðir samræmd próf og það er villandi að láta að því liggja að það þýði eitthvað annað. Skimunarpróf sem ætluð eru til þess að koma auga á og grípa sértæk vandamál verða aldrei annað en samræmd próf og mjög sérhæfðar staðlaðar mælingar.

Í viðauka skýrslunnar um **Framtíðarstefnu námsmats á Íslandi. Tillögur starfshóps um markmið, hlutverk og fyrirkomulag samræmdra prófa**. (MRN: 2020 bls. 42) er í viðauka 8 dregin upp mynd af námsmatsramma Cambridge Assessment og lagt til að hannaður verði sambærilegur námsmatsrammi hér á landi. Cambridge Assessment selur samræmd próf um víða veröld og er sennilega stærsta einstaka hindrun þess að skólastarf um heim allan beri ekki skýrari einkenni leiðsagnarnáms og hugarfars vaxtar en raun ber vitni. Þessi tiltekni námsmatsrammi sem myndin er af er **heimsþekktur skaðvaldur** sem til dæmis er lagður ofan á bestu hæfnimiðuðu námskrár heimsins (IMYC, IB). Þegar að prófunum kemur umturnast allt skólastarf og

snýst ekki um annað en SATS próf og undirbúning fyrir kapphlaupið um bestu útkomuna úr prófum. Þó það sé góð hugmynd að skipuleggja matsferil þá verður að styðja við þá hæfnimiðuðu námskrá sem við byggjum okkar skólastarf á og styðja jafnframt við leiðsagnarnám, samþættingu, lykilhæfni og persónumiðun.

Nokkrar athugasemdir og skýringar:

1. **Verkefni matsferils og próf.** Það er erfitt að lesa úr skjalinu hvort fyrirhugað sé að búa til verkefnabanka eða prófabanka. Próf eru próf en verkefni eru verkefni. Samræmd próf og skimunarpróf eru próf en ekki verkefnabanki.
2. **Leiðsagnarnám í prófabanka stenst ekki skoðun.** Eins og Shirley Clark, einn helsti sérfræðingur heimsins í leiðsagnarmati, hefur ítrekað bent á þá snýst leiðsagnarnám/leiðsagnarmat ekki um námsmat. Stefnuskjalið virðist snúast um að einhvers konar endurgjöf fylgi niðurstöðum úr þeim prófum sem eiga að vera í námsferlinum. Endurgjöf er lítill hluti af leiðsagnarnámi og snýst oftast um að nemandi hafi tækifæri til að bæta hæfni sína og það er ekki í tengt við próf sem námsferillinn mun innihalda. Shirley Clark hefur varað við því að nota þetta hugtak þegar það er ekki í anda leiðsagnarnáms (sjá <https://www.tes.com/magazine/teaching-learning/general/shirley-clark-interview-formative-assessment>).
3. **Matsferill** sem kortleggur kerfisbundið framfarir nemenda þarf að byggja á stigskiptu ferli og getur ekki byggt á hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Hæfniviðmið aðalnámskrár er í þremur þrepum og það gerir lítið gagn að byggja matsferilinn á þeim þrepum. Hér er mikilvægt að rugla ekki saman hæfniviðmiðum (sem samanstanda af þekkingu, leikni og hæfni) og mikilvægi þess að kortleggja grunnfærni nemenda og leikni til dæmis með því að skoða læsi og grunnfærni í stærðfræði sérstaklega. Það má finna góð þrep í [Læsi er lykillinn](#) sem gott væri að tengja við lesferilinn sem nú þegar er í gildi. Með 6 þrepum [Læsi er lykillinn](#) væri hægt að tengja saman framfarir nemenda á mörkum skólastiga og kortleggja framfarir með verkefnabanka og samræmdri skráningu.
4. **Samræmd matsviðmið** og starfsþróun kennara til að nota þau. Mikilvægt er að nýta þau samræmdu matsviðmið sem til eru og beita þeim.
 - a. Námsgögn þurfa að vera útbúin samhliða og gerð þannig að auðvelt sé fyrir kennara að nýta sér þau til að meta framfarir nemenda út frá þrepaskiptum matsviðmiðum, til dæmis í 10-20 þrepum.
 - b. Samræmdu matsviðmiðin eru til, en allt of sjaldan notuð til að meta verkefni nemenda á samræmdan máta. Flestir grunnskólar hafa sallað matsviðmiðunum saman við hæfniviðmið inn í óskilgreinda súpu af mats- og hæfniviðmiðum sem nýtt eru jöfnum höndum. Mikilvægt er að aðgreina verkefni þar sem mat er lagt á stöðu nemenda út frá matsviðmiðum. Slík verkefni eru í raun ekki leiðsagnarmatsverkefni

heldur prófverkefni þar sem geta nemenda er metin á ákveðnum A-D skala.

5. **Fyrirlögn matsferilsins (eða nýju samræmdu prófanna)** eins og henni er lýst í stefnuskjalinu virðist lýsa samræmdu prófi í stærðfræði, íslensku eða íslensku sem öðru máli. Þetta er ekkert annað en samræmt próf og ætti að bera það nafn. Eðli mælinganna og inntak verður þó vonandi til þess gert að kortleggja vel grunnfærni og framfarir nemenda í stærðfræði og íslensku. Best væri ef matsferillinn myndi stinga upp á verkefnum fyrir kennara til að vinna með nemendum sem sýna ekki framfarir á milli mælinga.
6. **Óljóst er hvernig matsferillinn á að virka sem tæki til umbóta, skólaþróunar og framfara.** Á matsferillinn með einhverju móti að styðja við skólaþróunarverkefni? Honum virðist bæði ætlað að vera framfarastigi nemandans og byggja á leiðsagnarnámi og að vera tæki til að meta gæði skólastarfs. Matsferillinn ætti að vera leiðbeinandi um stöðu nemandans en líka um næstu skref. Ef nemandi kann það sem honum er ætlað, ætti að fylgja með hvaða markmiðum hann getur stefnt að næst. Þetta gæti hjálpað kennurum að efla hæfni nemenda sem eru bráðgerir eða hafa mikinn metnað og getu til að verða framúrskarandi nemendur. Við erum með fáa nemendur sem skora hátt í Pisa könnunum og ferillinn gæti verið tækifæri til að laga þá stöðu. Við værum þá líka komin með mun betra einstaklingsmiðað nám inn í skólana en ytra mat Menntamálastofnunar gefur til kynna að sé raunin.
7. **Samræmd próf er það sama og ytra mat á námi!** Tilgangur vel skipulagðra samræmdra prófa verður að vera að styðja nemendur í að átta sig á því hvar þeir standa í framfarastiga ákveðinnar grunnfærni í t.d. tungumálum og stærðfræði, fyrst og fremst til að nemendur sjái hvar þeir standa og hvert þeir stefna. Niðurstöður prófanna ættu þannig ekki að vera á A-D kvarða eða 1-10 kvarða, heldur kortlagning á persónumiðuðum framförum. Það er, leiðbeinandi námsmat sem hjálpar nemendum að fóta sig í náminu og að setja eigin markmið. Námsmatið verður þannig smám saman að framfarastiga sem nýtist nemandanum beint. Framfarastiginn á líka að vera þess eðlis að sumir ætli alla leið upp á efsta þrep á meðan aðrir ætla sér upp 70% af stiganum sem verður þá fullnaðarsigur þeirra eigin framfara.
8. Í drögunum er nefnt að **námsgögn eigi að styðja við ferlana.** Nú, eru samkvæmt ytra mati Menntamálastofnunar, um 75% kennslustunda á Íslandi fræðandi. Það þýðir að annað hvort eru nemendur að hlusta á kennara eða svara verkefnum sem innihalda eitt rétt svar. Þetta þarf að breytast og það er ekki gert með því að gefa út fleiri bækur sem þjálfar grunnatriði í ákveðnum faggreinum. Það þarf aftur á móti að gefa kennurum aðgang að gæðastýrðu efni sem styður við hæfnimiðað nám og er þannig samþætt mörgum faggreinum. Matsferillinn getur hjálpað hér. Nemendur kvarta undan því að þurfa að læra grunninn í málfræði á hverju ári frá yngsta stigi og upp í gegnum grunnskólann. Þeir þekkja sagnorð þegar þeir eru komnir á 3. stig en samt eru þeir að eyða tímanum í að gera óteljandi æfingar til að sýna að þeir þekki þau.

Að eyða tímanum er einmitt vandamálið. Þegar kennari stýrir allri kennslustundinni, verða nemendur aldrei annað en viðtakendur náms, í stað þess að vera gerendur í eigin námi. Matsferillinn gæti sýnt kennurum og nemendum að þetta sé orðið gott og að næsta skref sé að gera eitthvað annað.

9. Í stefnuskjalinu og skýrslunni eru **hugtökin innra- og ytra mat** notuð á ruglingslegan hátt. Afar mikilvægt er að efla innra mat í grunnskólum og að það beinist að starfsháttum kennara og hvernig persónumiðaðar framfarir nemenda séu tryggðar. Einfaldara og mikilvægara verkefni er að skólar fái aðgang að góðum matslistum og gæðaviðmiðum um framkvæmd fyrirmyndar starfshátta. Það er óþarfi að leggja mikla orku í endurmenntun kennara til að styðja við prófin. Árangursríkara væri að skólar fengju betri leiðbeiningar hvað varðar innra mat og hvernig þeir geti nýtt niðurstöður ytra mats til að bæta skólastarfið og þar með talið árangur hvers nemanda. Þar liggur lykillinn að árangursríkara skólastarfi.

Virðingarfyllst,

Anna María K. Þorkelsdóttir

Kennsluráðgjafi

Kristrún Birgisdóttir

Eigandi og framkvæmdastjóri Ásgarðs

Akureyri

30.03.2023

